

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2020/EES/61/01		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 057/20/COL .....	1
2020/EES/61/02		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 060/20/COL .....	2
2020/EES/61/03		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 061/20/COL .....	3
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
2020/EES/61/04		Beiðni Fürstlicher Oberster Gerichtshof dags. 8. maí 2020 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli SMA SA og Société Mutuelle d'Assurance du Batiment et des Travaux Publics gegn Finanzmarktaufsicht .....	4
2020/EES/61/05		Beiðni Beschwerdekommision der Finanzmarktaufsicht dags. 28. maí 2020 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Pintail AG gegn Finanzmarktaufsicht .....	5
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
2020/EES/61/06		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9928 – QuattroR/HGM/Burgo) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	6
2020/EES/61/07		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9955 – PSP/Aviva/20 Station Road) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	7
2020/EES/61/08		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9962 – Mylan/Aspen's EU Thrombosis Business) .....	8
2020/EES/61/09		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9479 – PSA/SAFT/ACC) .....	9

<b>2020/EES/61/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9674 – Vodafone Italia/TIM/INWIT JV) .....	9
<b>2020/EES/61/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9899 – KKR/Koos Holding Coöperatief) .....	10
<b>2020/EES/61/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9908 – Bonduelle/Unibel/Sparkling Partners/Végéhub/Yumi) .....	10
<b>2020/EES/61/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9925 – Lactalis Nestlé produits frais/Certain assets of Parmalat) .....	11
<b>2020/EES/61/14</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. júlí 2019 um málarekstur skv. 65. gr. sáttmálans um Kola- og stálbandalag Evrópu – (mál AT.37956) .....	12
<b>2020/EES/61/15</b>	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti frá 1. október 2020 .....	13
<b>2020/EES/61/16</b>	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug .....	14
<b>2020/EES/61/17</b>	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir .....	15

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum****2020/EES/61/01**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	15. júní 2020
Málsnúmer	85217
Ákvörðun nr.	057/20/COL
EFTA-ríki	Ísland
Landsvæði	Ísland
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Stafrænar ferðagjafir vegna COVID-19
Lagastoð	Lög um ferðagjöf
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Að auka eftirspurn eftir þjónustu við ferðamenn í þágu ferðaþjónustunnar
Aðstoðarform	Styrkir (óbein aðstoð)
Fjárveiting	1,5 milljarðar ISK
Gildistími	15. júní 2020 – 31. desember 2020
Atvinnugreinar	Ferðaþjónusta
Heiti og póstaritun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Fjármála- og efnahagsráðuneytið Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík, Iceland

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>

## Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2020/EES/61/02

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	18. júní 2020
Málsnúmer	85090
Ákvörðun nr.	060/20/COL
EFTA-ríki	Noregur
Landsvæði	Allt yfirráðasvæði Noregs
Titill	COVID-19-lánatryggingar vegna viðskipta með vörur og þjónustu
Lagastöð	Þingsályktun sem kveður á um heildarumgjörð tryggingakerfisins (ekki enn samþykkt)
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Að tryggja virkan markað með lánatryggingar vegna viðskipta með vörur og þjónustu á meðan COVID-19 faraldurinn stendur yfir
Aðstoðarform	Ábyrgðir
Fjárveiting	NOK 19,820 milljarðar (í forni trygginga)
Gildistími	Til 31. desember 2020
Atvinnugreinar	Lánatryggingar fyrir seljendur vöru og þjónustu
Heiti og pósthátöl stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	GIEK, Postboks 1763 Vika, 0122 Oslo

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

## Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2020/EES/61/03

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	23. júní 2020
Málsnúmer	85207
Ákvörðun nr.	061/20/COL
EFTA-ríki	Noregur
Titill	COVID-19 tryggingakerfi fyrir leigubifreiðastöðvar í Viken
Lagastoð	Reglur sem gilda um ráðstöfunina er að finna í <i>Regler for tilskuddsordning til taxinæringen</i>
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Markmið kerfisins er að bæta tjón sem leigubifreiðastöðvar sem eru með samninga um flutning á nemendum við opinber samgönguyfirvöld í Viken, hafa orðið fyrir vegna COVID-19 faraldursins.
Fjárveiting	27,9 milljónir NOK
Gildistími	23. júní til 31. ágúst 2020
Atvinnugreinar	Flutningastarfsemi
Heiti og póstarítun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Østfold kollektivtrafikk PO Box 220, 1702 Sarpsborg, Norway Ruter AS PO Box 1030, 0104 Oslo, Norway Brakar AS Bragernes torg 1, 3017 Drammen, Norway

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Fürstlicher Oberster Gerichtshof dags. 8. maí 2020 um  
ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli SMA SA og Société Mutuelle  
d'Assurance du Batiment et des Travaux Publics gegn Finanzmarktaufsicht

2020/EES/61/04

(Mál E-5/20)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf *Fürstlicher Oberster Gerichtshof* (Hæstaréttar Furstadæmisins Liechtenstein) dags. 8. maí 2020, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 20. maí 2020, með beiðni um ráðgefandi álit í máli SMA SA og Société Mutuelle d'Assurance du Batiment et des Travaux Publics gegn Finanzmarktaufsicht, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Ber að túlka merkingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþólsáætlun II): IX. viðauki - 1.01, einkum 27. og 28. gr. tilskipunarinnar, og

tilskipunar ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, og um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE (Þriðja tilskipun um skaðatryggingar), og

annarrar tilskipunar ráðsins 88/357/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur, og um breytingu á tilskipun 73/239/EBE, einkum b-liðar 1. gr., a- til c-liðar 1. mgr. 7. gr., 10. gr. 7. mgr. 11. gr. og 21. gr., og

fyrstu tilskipunar ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga, einkum 13. og 14. gr. tilskipunarinnar,

þannig að þær veiti rétt þeim kröfuhöfum eftirlitsskylds fyrirtækis á sviði frumtrygginga, sem ekki eru váttryggingartakar, váttryggðir eða réttihafar gagnvart þessu tryggingafélagi, eða aðrir aðilar að váttryggingasamningi við þetta tryggingafélag, og njóta ekki heldur beins réttar til málshöfðunar gagnvart þessu tryggingafélagi, sem tjónþoli sem er þriðji aðili, vegna réttarsambands á grundvelli váttryggingaréttar, og kröfur grundvallast ekki á váttryggingarsamningi, eða annarri starfsemi sem þessar réttarheimildir taka til og takmarkast við frumtryggingar, en kröfum þeirra, s.s. kröfur stefnenda sem váttryggjenda váttryggingataka sem eru þriðju aðilar, er lýst sem endurkröfum, í viðtækustu merkingu, og þær beinast beint að eftirlitsskylda frumtryggingafélaginu, í þeim skilningi að lögbæra stjórnvaldið, s.s. varnaraðilinn í þessu máli, þurfi að gera eftirlitsráðstafanir, sem því ber að framkvæma á grundvelli tilvitnaðra tilskipana, einnig í þágu þessara kröfuhafa, og sé því, vegna brota á skyldum sínum þar að lútandi, bótaskyld gagnvart kröfuhöfunum vegna taps sem af hlýst?

2. Uppfyllir innleiðing ákvæða EES-réttar sem vísað er til í 1. spurningu [leiðrétt í frumútgáfu: 4. spurning] með ákvæðum innlendra laga sbr. 1. gr. laga frá 6. desember 1995 um eftirlit með váttryggjendum (Versicherungsaufsichtsgesetz; VersAG alt), 2. mgr. 1. gr. laga frá 12. júní 2015 um eftirlit með váttryggjendum (Versicherungsaufsichtsgesetz; VersAG neu) og 4. gr. laga frá 18. júní 2004 um fjármálaeftirlitið (Finanzmarktaufsichtsgesetz; FMAG) skilyrði innleiðingar og þar með varðandi beitingu þeirra og skýringu við meðferð landsdómstóla, að því er varðar réttarheimildir sem vísað er til í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins, m.a. réttarheimildir í máli E-3/15 Liechtensteinische Gesellschaft für Umweltschutz, sbr. 33. mgr. og áfram og 74. gr.?

**Beiðni Beschwerdekommision der Finanzmarktaufsicht dags. 28. maí 2020 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Pintail AG gegn Finanzmarktaufsicht**

2020/EES/61/05

(Mál E-6/20)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf *Beschwerdekommision der Finanzmarktaufsicht* (áfrýjunarnefnd fjármálaeftirlitsins) frá 28. maí 2020, sem var skráð í málaskrá dómstólsins 2. júní 2020, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Pintail AG gegn Finanzmarktaufsicht, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Ber að skilja hugtökin „starfsemi“ (e. activity) og „starfsemi“ (e. business activity) eins og þau eru notuð í tilskipun 2009/110/EB og 2007/64/EB (hins vegar (ESB) 2015/2366) sem samheiti og ef ekki, hver er munurinn?
2. Ber að skilja „starfsemi“ (e. activity) eða „starfsemi“ (e. business activity) rafeyrisfyrirtækis sem hefur starfsleyfi í skilningi tilskipunar 2009/110/EB sem svo að átt sé við útgáfu rafeyris, tilboð um útgáfu rafeyris eða að minnsta kosti þá starfsemi rafeyrisfyrirtækis sem háð er starfsleyfi (þröng skýring), eða nægir athöfn sem varðar starfsemina og er nægilega áþreifanleg þá þegar, t.d. framkvæmd annarrar starfsemi, eins og kveðið er á um í e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/110/EB, að því marki sem þessi athöfn beinist samkvæmt hlutlægum viðmiðum og sannarlega að útgáfu rafeyris, og er ekki fullkomlega léttvæg (rúm skýring)? Ef rúm skýring er nauðsynleg: Hver er þá munurinn á starfsemi af því tagi og hreinum undirbúningsathöfnum?
3. Hvaða viðmið ber að leggja til grundvallar við skýringu á hugtakinu að „hætta starfsemi“ í a-lið 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2007/64/EB (hins vegar a-liður 1. mgr. 13. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366)?
4. Hefur það þýðingu við skýringuna hvort aðildarríkið hefur tekið upp í landsrétt a-lið 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2007/64/EB (hins vegar a-liður 1. mgr. 13. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366) með þeim hætti að ef starfsemi er hætt í sex mánuði þá sé leyfi afturkallað með virkri háttsemi af hálfu stjórnvalda, eða þannig að það falli niður í krafti laga (ex lege) og að stjórnvald ákvarði það einfaldlega eftirá?

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/61/06

(mál M.9928 – QuattroR/HGM/Burgo)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. september 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Quattro SGR S.p.A. („QuattroR“, Ítalíu).
- Holding Gruppo Marchi S.p.A („HGM“, Ítalíu).
- Burgo Group S.p.A. („Burgo“, Ítalíu).

QuattroR og HGM ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Burgo.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- QuattroR: rekstrarfélag sem leggur áherslu á fjárfestingar og að endurræsa ítölsk fyrirtæki með traustan markað og iðnaðarundirstöður, sem þurfa ný úrræði til þess að geta vaxið eða standa frammi fyrir tímabundnu fjárhagslegu ójafnvægi.
- HGM: eignarhaldsfélag sem m.a. ræður yfir Palladio Group S.p.A. sem er fyrirtæki á Ítalíu sem fæst við framleiðslu og sölu á fernum, pésum, fjórblöðungum, límmiðum og gæðaumbúðum og á sem stendur ráðandi hlut í Burgo.
- Burgo: framleiðandi pappírskvoðu og pappírs sem fæst við framleiðslu á i) húðuðum grafískum pappír sem einkum er ætlaður tímaritum og dagblöðum og er í mismunandi flokkum og af mismunandi gæðum (húðaður vélunninn og húðaður trénilaus pappír), ii) óhúðuðum grafískum pappír, einkum fyrir bækur og bréfsfni (óhúðaður trénilaus pappír), iii) kvoðu með stuttum trefjum, sem að mestu leyti er notuð fyrir innri framleiðslu á grafískum pappír, iv) sérnota pappír sem einkum er notaður til innþökkunar og til að merkja endanotkun, og v) endurunnum pappaðskjum sem notaðar eru við samsetningu á kössum úr brúnum pappa.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 317, 25.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9928 – QuattroR/HGM/Burgo

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.



**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9955 – PSP/Aviva/20 Station Road)**

2020/EES/61/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. september 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Public Sector Pension Investment Board („PSP“, Kanada).
- Aviva Plc Group („Aviva“, Bretlandi).
- 20 Station Road (Bretlandi).

PSP og Aviva ná yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir 20 Station Road.

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- PSP: stýring fjárfestinga lífeyriskerfa opinberra starfsmanna í Kanada, kanadíska hersins, konunglegu kanadísku riddaralögreglunnar og kanadíska varaliðsins. PSP stýrir fjölbreyttu, alþjóðlegu eignasafni, sem m.a. er samsett úr hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum, svo og fjárfestingum í framtakssjóðum, fasteignum, innviðum, náttúruauðlindum og skuldum.
- Aviva: hlutafélag skráð í Bretlandi sem starfar á sviði trygginga. Aviva Plc er skráð á aðalmarkaði kauphallarinnar London Stock Exchange. Aviva fæst við breitt úrval af tryggingum, sparnaði og fjárfestingarvörum í 16 löndum. Samstæða félagsins starfar einkum í Bretlandi, Frakklandi og Kanada, en er einnig með starfsemi á fleiri stöðum í Evrópu og Asíu.
- 20 Station Road: verslunarhúsnæði sem stendur við 20 Station Road í Cambridge, CB1, Bretlandi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttð. ESB C 316, 24.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9955 – PSP/Aviva/20 Station Road

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjttð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9962 – Mylan/Aspen's EU Thrombosis Business)**

2020/EES/61/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. september 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Mylan Ireland Limited („Mylan“, Írlandi).
- Aspen's EU Thrombosis Business (andlag viðskiptanna, „Target“, Míritíus), sem er hluti af samstæðunni Aspen Pharmacare Holdings Ltd.

Mylan nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi viðskiptanna (Target). Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Mylan: þróun, leyfisveiting, framleiðsla, markaðssetning og dreifing á samheitalyfjum, samheitalyfjum undir vörumerkjum og sérnotalyfjum, auk lausasöluylfja og heilsuvara fyrir neytendur.
  - Target (andlagið): er samsett af tilteknum markaðssetningarréttindum og tengdum hugverkaréttindum á segavarnarvörum Aspen á EES-svæðinu, eða sameindunum Nadroparin (vörutegundir Fraxiparine og Fraxodi), Fondaparin (vörutegundin Arixtra), Certoparin (vörutegundin Mono Embolex) og Danaparoid (vörutegundin Orgaran).
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttð. ESB C 317, 25.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9962 – Mylan/Aspen's EU Thrombosis Business

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9479 – PSA/SAFT/ACC)**

2020/EES/61/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. febrúar 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9479. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9674 – Vodafone Italia/TIM/INWIT JV)**

2020/EES/61/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. mars 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9674. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9899 – KKR/Koos Holding Coöperatief)**

2020/EES/61/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. ágúst 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9899. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9908 – Bonduelle/Unibel/Sparkling Partners/Végéhub/Yumi)**

2020/EES/61/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. september 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9908. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjútð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9925 – Lactalis Nestlé produits frais/Certain assets of Parmalat)**

2020/EES/61/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. september 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9925. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

---

<sup>(1)</sup> Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar****2020/EES/61/14****frá 4. júlí 2019****um málarekstur skv. 65. gr. sáttmálans um Kola- og stálbandalag Evrópu****(mál AT.37956)**

Framkvæmdastjórnin samþykkti 4. júlí 2019 ákvörðun um málarekstur skv. 65. gr. sáttmálans um Kola- og stálbandalag Evrópu. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 <sup>(1)</sup>, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar, m.a. álagðar sektir, í Stjtið. ESB C 312, 21.9.2020, bls. 13, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín. Fullgild er aðeins ítölsk útgáfa þessarar ákvörðunar.

---

<sup>(1)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við  
endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti frá 1. október 2020**

2020/EES/61/15

*(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá  
21. apríl 2004) (Stjttð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1)*

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjttð ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6.). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi eins og fram kemur í orðsendingunni og fer það eftir notkun viðmiðunarvaxtanna. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 er kveðið á um að endurkröfuvextir skuli einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina, nema kveðið sé á um annað í sérstakri ákvörðun.

Breytingar á vöxtum eru feitletraðar.

Fyrri tafla birtist í [Stjttð. ESB C 299, 9.9.2020, bls. 2](#), og í [EES-viðbæti nr. 60, 17.9.2020, bls. 22](#).

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.10.2020	–	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>	0,00	<b>-0,26</b>	0,46	<b>-0,26</b>	<b>0,18</b>	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>
1.9.2020	30.9.2020	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>	0,00	<b>-0,17</b>	<b>0,46</b>	<b>-0,17</b>	0,22	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>
1.8.2020	31.8.2020	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>	0,00	<b>-0,11</b>	<b>0,62</b>	<b>-0,11</b>	<b>0,22</b>	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>
1.7.2020	31.7.2020	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>	0,00	<b>-0,15</b>	<b>1,13</b>	<b>-0,15</b>	<b>0,14</b>	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>
1.6.2020	30.6.2020	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>	0,00	<b>-0,22</b>	<b>1,77</b>	<b>-0,22</b>	<b>0,05</b>	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>
1.5.2020	31.5.2020	-0,31	-0,31	0,00	-0,31	2,25	-0,31	-0,05	-0,31	-0,31
1.4.2020	30.4.2020	-0,31	-0,31	0,00	-0,31	2,25	-0,31	-0,05	-0,31	-0,31
1.3.2020	31.3.2020	-0,31	-0,31	0,00	-0,31	2,25	-0,31	<b>-0,05</b>	-0,31	-0,31
1.2.2020	29.2.2020	-0,31	-0,31	0,00	-0,31	2,25	-0,31	<b>-0,07</b>	-0,31	-0,31
1.1.2020	31.1.2020	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>	<b>0,00</b>	<b>-0,31</b>	<b>2,25</b>	<b>-0,31</b>	<b>-0,12</b>	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>

Frá	Til	ES	FI	FR	HR	HU	IE	IT	LT	LU
1.10.2020	–	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>	0,22	<b>0,72</b>	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>
1.9.2020	30.9.2020	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>	0,22	0,93	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>
1.8.2020	31.8.2020	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>	<b>0,22</b>	0,93	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>
1.7.2020	31.7.2020	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>	0,26	<b>0,93</b>	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>
1.6.2020	30.6.2020	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>	0,26	<b>0,78</b>	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>
1.5.2020	31.5.2020	-0,31	-0,31	-0,31	0,26	<b>0,52</b>	-0,31	-0,31	-0,31	-0,31
1.4.2020	30.4.2020	-0,31	-0,31	-0,31	0,26	<b>0,40</b>	-0,31	-0,31	-0,31	-0,31
1.3.2020	31.3.2020	-0,31	-0,31	-0,31	0,26	0,30	-0,31	-0,31	-0,31	-0,31
1.2.2020	29.2.2020	-0,31	-0,31	-0,31	0,26	0,30	-0,31	-0,31	-0,31	-0,31
1.1.2020	31.1.2020	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>	<b>0,26</b>	<b>0,30</b>	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>

Frá	Til	LV	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.10.2020	–	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>	<b>0,29</b>	<b>-0,26</b>	2,54	<b>0,12</b>	<b>-0,26</b>	<b>-0,26</b>	<b>0,38</b>
1.9.2020	30.9.2020	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>	<b>0,44</b>	<b>-0,17</b>	2,54	<b>0,20</b>	<b>-0,17</b>	<b>-0,17</b>	<b>0,51</b>
1.8.2020	31.8.2020	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>	<b>0,61</b>	<b>-0,11</b>	<b>2,54</b>	0,32	<b>-0,11</b>	<b>-0,11</b>	0,75
1.7.2020	31.7.2020	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>	<b>0,98</b>	<b>-0,15</b>	3,21	0,32	<b>-0,15</b>	<b>-0,15</b>	<b>0,75</b>
1.6.2020	30.6.2020	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>	<b>1,35</b>	<b>-0,22</b>	3,21	<b>0,32</b>	<b>-0,22</b>	<b>-0,22</b>	0,94
1.5.2020	31.5.2020	-0,31	-0,31	-0,31	1,84	-0,31	3,21	0,26	-0,31	-0,31	0,94
1.4.2020	30.4.2020	-0,31	-0,31	-0,31	1,84	-0,31	3,21	0,26	-0,31	-0,31	0,94
1.3.2020	31.3.2020	-0,31	-0,31	-0,31	1,84	-0,31	3,21	<b>0,26</b>	-0,31	-0,31	0,94
1.2.2020	29.2.2020	-0,31	-0,31	-0,31	1,84	-0,31	3,21	<b>0,18</b>	-0,31	-0,31	0,94
1.1.2020	31.1.2020	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>	<b>1,84</b>	<b>-0,31</b>	<b>3,21</b>	<b>0,11</b>	<b>-0,31</b>	<b>-0,31</b>	<b>0,94</b>

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu**

2020/EES/61/16

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Bretland <sup>(1)</sup>
Flugleiðir	Newquay Airport til Heathrow Airport Newquay Airport til Gatwick Airport Newquay Airport til Stansted Airport Newquay Airport til Luton Airport Newquay Airport til London City Airport Newquay Airport til Southend Airport
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	27. mars 2021
Unnt er að hafa samband og nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar	Aimie Waterman-Jones 3rd Floor, South Wing New County Hall Treyew Road Truro TR1 3AY UNITED KINGDOM

<sup>(1)</sup> Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópu-sambandinu og Kjarmerkubandalagi Evrópu (Stjttfð. ESB L 29, 31.1.2020, bls. 7) („útgöngusamningur“), gildir reglugerð (EB) nr. 1008/2008 um og í Breska konungsríkinu á umbreytingatímabilinu og hefur sömu réttaráhrif og í Evrópusambandinu og aðildarríkjum þess.



**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um  
rekstur flugþjónustu í Bandalaginu**

2020/EES/61/17

**Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannþjónustukvaðir**

Aðildarríki	Bretland <sup>(1)</sup>
Flugleiðir	Newquay Airport til Heathrow Airport Newquay Airport til Gatwick Airport Newquay Airport til Stansted Airport Newquay Airport til Luton Airport Newquay Airport til London City Airport Newquay Airport til Southend Airport
Samningstími	2 ár með möguleika á framlengingu um tvö ár í viðbót Frá mars 2021 til mars 2023
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	30. nóvember 2020
Unnt er að hafa samband og nálgast texta útbodsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða opinbera útbodið og almannþjónustukvaðirnar	Aimie Waterman-Jones 3rd Floor, South Wing New County Hall Treyew Road Truro TR1 3AY UNITED KINGDOM

<sup>(1)</sup> Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópu-sambandinu og Kjarmerkubandalagi Evrópu (Stjttf. ESB L 29, 31.1.2020, bls. 7) („útgöngusamningur“), gildir reglugerð (EB) nr. 1008/2008 um og í Breska konungsríkinu á umbreytingatímabilinu og hefur sömu réttaráhrif og í Evrópusambandinu og aðildarríkjum þess.